

## Sundráð ÍRB 3. apríl 2012

Allir mættir nema Hjördís og Herdís

### 1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

### 2. ÍM50 – farið yfir foreldrafund og söfnun vegna ÍM50

Haldinn fundur með foreldrum. Fram kom að búið er að safna áheitum sennilega fyrir öllum kostnaði. Farastjórar verða Lilja, Hulda og Magnea.

### 3. Langsundmót

Verður haldið á mánud. 16.4.2012 Upphitun Kl: 17:15 Keppni hefst 18:00

### 4. Landsbankamót – drög að kynningarbréfi

Landsbankamót verður haldið þann 11. – 13. maí 2012 í Vatnaveröld

Áætlað er að upphitun verði 7:45 - 8:30 og 13:30 - 14:30

Yngri sundmenn synda fyrir hádegi og þeir eldri eftir hádegi

Ekkert fyrirtæki er búið að skila inn tilboðum í mat. Búið er að senda ítrekun til allra aðila.

Lúðvík er að leita tilboða í verðlaun. Kynnisbréf verður sent út þegar tilboð í mat er komið.

Setja þarf upp foreldrafund og nefnd til að sjá um lokahófið. Sibba tekur að sér að búa til bréf sem sent er út til dómara.

Búið er að fá tilboð í skemmtiatriði þarf að skoða betur.

### 5. Sumarsund

ÍRB sjái um Sumarsundið, Sibba, Falur, Lúlli og Ant munu taka að sér að tala við Hjördísi, Davíð og Jónu Helenu vegna þessa og fá auglýsingu í VF.

### 6. Önnur mál

- Sigurbór kom með hugmynd um að fá Reyni og Ásu til að taka að sér að safna auglýsingum fyrir AMÍ
- Tjaldstæði, finna þarf hentuga staði fyrir tjaldstæði vegna AMÍ og fá leyfi fyrir að tjalda þar.
- Sundhettur, ákveðið að gefa þeim sem taka þátt í ÍM50 hettur. Hettur verða annars seldar á 1.000.-
- Bolir vegna ÍM 50 voru gefnir af Sigmari, Magneu og Baldvini Sundráð ÍRB færir þeim kærar þakkir fyrir.
- Sóley er að fara í frí Hjördís, Marín og Steindór leysa hana af.
- Fram kom hjá Ant að 222 iðkendur eru skráðir hjá okkur.
- Skoða þarf tímasetningar á nokkrum hópum vegna áreksta við skóla/leikskóla.
- Eitthvað af þeim tækjabúnaði sem okkur var gefið nýttist ekki og var hann seldur og annar búnaður var keyptur að tillögu Ants.
- ÍRB sótti um að halda Bikar 2013
- Sunddeild UMFN styrkti sundráð ÍRB um kr. 1.000.000.- sem á að skiptast þannig að til að gera eitthvað skemmtilegt í hópunum rennur kr. 400.000.- og kr. 600.000.- til Sundráðs ÍRB. Sundráð ÍRB þakkar fyrir styrkinn.
- Dúna lagði til að sundmenn sem eru að komast inn á AMÍ geti verið með í fjáröflunum. Þ.e. þeir sem eru ekki komnir upp í Framtíðarhóp. Biðja Steindór um að senda lista um þá sem eru líklegir til að komast upp.
- Vegna ferðar til Danmerkur kom fram að 32 eru skráðir. 9 ekki búnir að borga staðfestingargjald. Anna mun hafa samband við þá sem ekki er búnir að borga.
- Myndatökur á sundmótum. Kolla tekur að sér að hafa myndavélina og koma með hana á mót

Fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritaði: Hilmar Örn